

Skýrsla UFA Eyrarskokks 2023



Stjórn deildarinnar 2023 var skipuð Rannveigu Oddsdóttur formanni, Söru Dögg Pétursdóttur gjaldkera, Önnu Berglindi Pálmadóttur meðstjórnanda og Antoni Erni Brynjarssyni meðstjórnanda.

Starf UFA Eyrarskokks var blómlegt á árinu og voru virkir félagsmenn um 120. Að venju var boðið upp á skipulagðar hlaupaæfingar þrisvar í viku sem voru vel sóttar. Rannveig Oddsdóttir setti saman prógrömm fyrir hópinn og hélt utan um æfingar ásamt góðum hópi þjálfara en auk hennar komu Sonja Sif Jóhannsdóttir, Hildur Andrjesdóttir, Þóra Guðný Baldursdóttir, Heiðrún Jóhannsdóttir, María Aldís Sverrisdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir og Guðmundur Þorsteinn Gunnarsson að þjálfun. Yfir vetrarmánuðina var einnig boðið upp á drillur og styrktaræfingar í boganum einu sinn í viku og sá Arnar Már um þær æfingar.

Á vormánuðum var að vanda haldið hlaupanámskeið undir leiðsögn Sonju Sifjar Jóhannsdóttur, Þóreyjar Sjafnar Sigurðardóttur, Gunnars Atla Fríðusonar og Hildar Andrjesdóttur, rúmlega 50 manns sóttu námskeiðið og hluti þess hóps gekk í Eyrarskokkið að námskeiðinu loknu.

Eyrarskokkarar voru duglegir að taka þátt í hlaupaviðburðum vítt og breitt um landið á árinu og sumir létu það ekki duga heldur ferðuðust til útlanda líka til að hlaupa. Góður hópur Eyrarskokkara fór til dæmis í utanvegahlaup í Nice, nokkrir tóku þátt í UTMB hlaupunum í Chamonix í Frakklandi og öðrum últrahlaupum, nokkrir fóru utan til að hlaupa maraþon í stórborgum og hópur kvenna tók þátt í Kampavínshlaupi í Frakklandi. Þá átti UFA Eyrarskokk sex hlaupara af tólf í landsliðinu í utanvegahlaupum sem keppti á HM í utanvegahlaupum sem fram fór í Austurríki í júní, þau Þorberg Inga Jónsson, Halldór Hermann Jónsson, Jörund Frímann Jónasson, Önnu Berglindi Pálmadóttur, Sigþóru Brynju Kristjánsdóttur og Rannveigu Oddsdóttur.

Hlauparar úr UFA gerðu það líka gott í götu- og brautarhlaupum. Baldvin Þór Magnússon, sem er skráður félagi í UFA en býr og æfir í Bretlandi, hélt áfram að bæta glæsilegan árangur sinn í millivegalengdum á árinu. Hann setti fimm Íslandsmet á árinu; í 5000 m hlaupi og mílu innanhúss, 1500 m og 3000 m utanhúss og í 10 km götuhlaupi. Þá náði hann besta árangri sem Íslendingur hefur náð á Evrópumeistaramótinu í víðavangshlaupum sem fram fór í desember. Baldvin kom heim í sumar og keppti á MÍ og varð Íslandsmeistari í 5000 m hlaupi. Hann tók einnig þátt í Súlum vertical í okkar heimabæ og varð annar í 29 km hlaupinu þar sem hlaupið er upp á Súlu. Baldvin var kjörinn íþróttakarl Akureyrar 2023 og er vel að þeim titli kominn.

Í kvennaflokki stóð árangur Önnu Berglindar Pálmadóttur upp úr afrekum annarra félagskvenna á árinu. Hún bætti sig í öllum vegalengdum götuhlaupa, það er 5 km, 10 km, hálfmaraþoni og maraþoni. Tímar hennar í 5 km, 10 km og hálfmaraþoni voru fjórðu bestu tímar kvenna í þeim vegalengdum á árinu og í maraþoninu átti hún annan besta tíma ársins. Þá setti hún aldursflokkamet í flokki 40-44 ára kvenna í 5 km götuhlaupi og 5000 m hlaupi innanhúss.

Eyrarskokkarar náðu í fleiri aldursflokkamet í öldungaflokkum á árinu, en Rannveig Oddsdóttir tók aldursflokkamet í maraþoni og 10.000 m hlaupi í flokki 45-49 ára kvenna og Þorbergur Ingi Jónsson í 10 km hlaupi í flokki 40-44 ára karla.



Auk hefðbundinna hlaupaæfinga og keppnisferða var farið í tvær skemmtiferðir á árinu. Í maí var farið í vorferð í Mývatnssveit þar sem hlaupið var um stíga frá jarðböðunum inn í Dimmuborgir og til baka og farið í Jarðböðin á eftir. Í september var farið í haustferð og hlaupið frá Ólafsfirði til Dalvíkur. jólahlaup Eyrarskokkara fór svo fram í desember en þá er hlaupið um bæinn og sprellað svolítið og boðið upp á léttar veitingar á leiðinni og í lok hlaups. Einnig fékk hópurinn Guðna forseta tvisvar í heimsókn og var hann

gerður að heiðursfélaga hópsins í seinna skiptið og fékk Eyrarskokkhlaupajakka að gjöf.

Einn fræðslufundur var haldinn á vegum deildarinnar á árinu. Anna Sigríður Arnardóttir frá hlaupahópi FH kynnti alla þá fjölmörgu kosti sem hlaupaúrin okkar búa yfir, s.s. að hlaupa eftir trækki, rata til baka ef maður villist og þar fram eftir götunum.

Hlaup á vegum UFA 2023

Hlaupahald er eitt af verkefnum deildarinnar. Frá stofnun hennar hafa félagsmenn komið að undirbúningi og framkvæmd hlaupa á vegum UFA og bætt nýjum hlaupaviðburðum inn í þá flóru sem fyrir var. Árið 2023 stóð UFA fyrir eftirtöldum hlaupum:

Vetrarhlaup

Vetrarhlaupin hafa verið fastur liður í starfi deildarinnar frá stofnun hennar 2003. Hlaupin eru haldin mánaðarlega frá október og fram í mars og er keppt í stigakeppni einstaklinga og liða. Undanfarin ár hafa verið hlaupnar mismunandi leiðir 6-10 km langar og hefur ekki verið tímataka í hlaupunum heldur ræður röð manna í mark úrslitum í stigakeppninni. Góð þátttaka var í þessum hlaupum á árinu 50-70 manns í hverju hlaupi.

1. maí hlaup

UFA hefur haldið 1. Maí hlaup allt frá stofnun félagsins. Hlaupið er fyrst og fremst krakkahlaup þar sem leikskólabörn hlaupa 400 m og grunnskólabörn 2 km eða 5 km. Tímataka er í 5 km hlaupinu og er það opið fullorðnum líka. Um 350 hlauparar tóku þátt í ár, flestir yngri en 18 ára.

Helstu styrktaraðilar hlaupsins voru Akureyrarbær, Verkalýðsfélögin, Greifinn og MS. Auk þeirra styrktu nokkur fyrirtæki í bænum hlaupið með því að gefa útdráttarverðlaun.

Akureyrarhlaup

Akureyrarhlaup hefur verið árviss viðburður í hlaupahaldi UFA frá 1992. Akureyrarhlaup 2023 var haldið fimmtudaginn 6. júlí og voru þátttakendur 160. Keppt var í þremur vegalengdum, 5 km, 10 km og hálfmaraþoni og var hálfmaraþonið jafnframt Íslandsmeistaramót í greininni. Andrea Kolbeinsdóttir úr ÍR og Arnar Pétursson úr Breiðabliki sigruðu í hálfmaraþoninu og voru bæði á nýjum brautarmetum. Andrea bætti met Elínar Eddu Sigurðardóttur frá 2019 og Sigþóru Brynju Kristjánsdóttur frá 2022 um þrjár mínútur en hún hljóp á 1:17:42. Arnar bætti met Baldvins Þórs Magnússonar frá 2022 um 26 sekúndur hljóp á 1:08:22. Í 10 km hlaupi sigruðu heimamennirnir Anna Berglind Pálmadóttir á 37:41 og Þorbergur Ingi Jónsson á 32:15 og í 5 km hlaupi sigruðu Sigþóra Brynja Kristjánsdóttir á 18:28 og Atli Steinn Sveinbjörnsson á 17:32, bæði í UFA. Helstu styrktaraðilar hlaupsins voru Akureyrarbær, Íslensk Verðbréf, World Class og Sportver auk þess sem fjöldi fyrirtækja í bænum gáfu verðlaun og veitingar.

Súlur Vertical

Eyrarskokkarar komu eins og áður að undirbúningi hlaupsins sem félagið Súlur vertical stendur að. Tóku félagsmenn meðal annars að sér að merkja hlaupaleiðina og aðstoða við framkvæmd hlaupsins á hlaupadag. Í ár var bætt við nýrri vegalengd, 100 km hlaupi sem hefst við Goðafoss og endar í miðbæ Akureyrar. Eyrarskokkarar höfðu veg og vanda af því að velja góða leið fyrir þessa vegalengd. Þeir prufukeyrðu nokkrar leiðir og völdu loks þá sem var hlaupin. Hluti leiðarinnar sem liggur yfir Belgsárfjall



frá Goðafossi yfir í Fnjóskadal fer um hrjóstugt svæði og tóku Eyrarskokkarar að sér að merkja þann hluta með varanlegum merkingum, það er tréstaurom sem þurfti að bera upp á fjallið og reka niður.

Góð þátttaka var í hlaupinu yfir 450 hlauparar í utanvegahlaupinu og annar eins fjöldi í krakkahlaupinu sem haldið var á föstudeginum. Flestir sterkustu utanvegahlauparar landsins mættu í hlaupið og var hart barist um fyrstu sætin í flestum vegalengdum. Sautján hlauparar hlupu 100 km hlaupið, Gyðjuna. Jón Gunnar Gunnarsson var fyrstur karla á 13:26:50 og Eyrarskokkarinn Hulda Elma Eysteinsdóttir fyrst kvenna á 16:11:23. Í Tröllinu sem er 43 km leið voru 51 þátttakandi. Þar sigruðu Þorsteinn Roy Jóhannsson á 4:03:02 og Thelma Björk Einarsdóttir á 5:03:21. Í 29 km hlaupinu, Súlum, sem 111 hlauparar luku, sigruðu Snorri Björnsson á 2:25:29 og Andrea Kolbeinsdóttir á 2:41:05. Í 19 km hlaupinu, Fálkanum sem 277 hlauparar hlupu, sigruðu Sigurjón Ernir Sturluson á 1:17:40 og Íris Anna Skúladóttir á 1:23:58.

Hausthlaup UFA

Hausthlaupið er hlaup með einfaldri umgjörð þar sem hlaupnar eru sömu 5 og 10 km leiðir og í Akureyrarhlaupi. Hlaupið var haldið 20. september og voru þátttakendur 44.

Gamlárshlaup UFA

Það er löng hefð fyrir Gamlárshlaupi UFA en undanfarin ár hefur það fyrst og fremst verið gleðihlaup. Það er ekki keppt um tíma eða sæti í þessu hlaupi en veitt verðlaun fyrir bestu búningana. Búningakeppnin var hugmynd Öbbu heitinnar (Aðalbjargar Hafsteinsdóttur) frjálssípróttaldhuga og eins stofnfélaga langhlaupadeildar sem lést á árinu. Það tók sinn tíma að koma Akureyringum í búninga en það veit ég að Abba hefur brosað til okkar úr sumarlandinu þegar hún sá metnaðinn í búningakeppninni í ár.



Ársreikningur UFA Eyrarskokks 2023

Rekstrareikningur ársins 2023

Rekstrartekjur

Styrkir og auglýsingar	150.000
Félags og æfingagjöld	2.689.500
Tekjur af mótum	409.362
Aðrar tekjur	0

3.248.862

Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld	1.935.173
Kostnaður við iðkendur	329.362
Kostnaður vegna móta	54.212
Sölu og stjórnarkostnaður	13.578
Annar rekstrarkostnaður	154.668

2.486.993

Rekstrarafkoma 761.869

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur	93.304
Vaxtagjöld og verðbætur	20.527

Afkoma ársins 834.646

Efnahagsreikningur 31. des 2023

Eignir

Fastafjármunir

varanlegir rekstrarfjármunir	0
Bífreið	0
Vélar og tæki	0

Fastafjármunir samtals

Veltufjármunir

Aðrar skammtímakröfur	0
Handbært fé	4.782.321

Eignir samtals

Eigið fé og skuldir**Eigið fé**

Eiginfjárreikningur 4.782.321

Skuldir

Skammtímaskuldir 0

Viðskiptaskuldir 0

Aðrar skammtímaskuldir 0

Skuldir samtals 0

Eigið fé og skuldir samtals 4.782.321